

# Heiðraður fyrir framlag sitt til sjávarútvegsins

## ● Sigurjón Arason fær viðurkenningu fyrir störf sín

Sigurjón Arason, prófessor og yfirverkfræðingur hjá Matís, hlaut í gær sérstaka viðurkenningu samstarfsvettvangs fyrirtækja innan Íslenska sjávarklasans fyrir framlag sitt til aukinnar verðmætasköpunar í íslenskum sjávarútvegi. Við athöfnina sagði Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, frá því að Rannsóknarsjóður síldarútvegsins hefði lýst áhuga á að veita styrki í nafni Sigurjóns til nemenda eða fræðimanna sem stunda rannsóknir í sjávarútvegi.

Sigurjón, sem hefur haft forystu um rannsóknir og þróun í vinnslu sjávarafurða í þrjátíu ár, segir viðurkenninguna heiður fyrir sig persónulega, sem og fyrirtækin innan greinarinnar, sem hafi ávallt verið opin fyrir samstarfi og þróun.

„Sú þýðing sem þessi viðurkenning hefur fyrir mig sjálfan, privat og persónulega, er sú að maður lítur þá um öxl og sér að maður hafi gert rétt og vel og orðið að gagni fyrir greinina í heild sinni og ekki síst fyrir þjóðfélagið,“ segir Sigurjón en greinin, sjávarútvegurinn, hafi þróast mikið á þessum tíma.

Hann segir að mikla verðmætaukningu í sjávarútvegi megi rekja



**Heiðraður Sigurjón Arason, t.h., tekur við viðurkenningunni í gær úr hendi Þorsteins Márs Baldvinssonar, forstjóra Samherja.**

til margra samverkandi þátta: kvótakerfisins sem hafi orðið til þess að hvert kíló var nýtt betur, bættrar kælitækni, vinnslu aukahráefnis til manneldis og ekki síst aukinnar þekkingar innan greinarinnar.

„Við erum ekki nema rétt að byrja þannig að það er mjög margt spennandi framundan,“ segir Sigurjón. Leggja þurfi aukið fjármagn í tækniþróun í sjávarútvegi og auka menntun, þekkingu og ekki síst

rannsóknir, en menn vilji oft gleyma því að sjávarútvegurinn sé líka þekkingariðnaður.

Í tilkynningu frá Sjávarklasanum kemur fram að þrátt fyrir að afli útgerða hafi minnkað úr 460 þúsund tonnum í 180 þúsund tonn á árunum 1981-2011 hafi útflutningsverðmætið tvöfaldast. „Þá aukningu má þakka stórbættri nýtingu hráefnis, þar sem framleiðslan fór að snúast frekar um gæði en magn,“ segir einnig.

